

Umsögn deildarstjóra tæknideildar

Málsaðili : Fjallabyggð
Tengiliður :
Dagsetning : 17.11.2017
Númer : 1710061
Flokkur :

Efni : Fjallabyggð hefur unnið að úrbótum á fráveitukerfi bæði Ólafsfjarðar og Siglufjarðar skv. heildaráætlun sem gerð var árið 2000. Unnið er að því að uppfylla lög um fráveitur með tilliti til hreinsunar á skolpi, lengd útrása og fl. Einnig er tilgangur aðgerðanna að draga úr og koma í veg fyrir flóðavandamál sem skapast við stórsteymi þ.e. háa sjávarstöðu. Reiknað er með að úrbótum verði lokið á árinu 2018. Varðandi flóðavandamál á eyrinni og við Norðurtún þá hefur tekist að halda því í skefjum, en í síðasta vatnsveðri dagana 12 - 14 október þá réði fráveitukerfið ekki við þær aðstæður. Rígt hafði í ca tvær vikur og svo kom hellirgning í þrjá daga. Kom þá í ljós að við þessar aðstæður þá verður að hjálpa til við að koma skolpi út í sjó með dælum. Þetta er eitthvað sem menn höfðu ekki gert sér grein fyrir. Í þessum aðstæðum þá heldur há sjávarstaða á móti skolpinu og þegar skolpið er í svona miklu magni þá hleðst það upp í kerfinu og á endanum er hætta á lekum inn í kjallara eða upp úr niðurföllum á lágpunktum. Nánari útskýringar og upplýsingar um framkvæmdir á fráveitunni er að sjá í minnisblaði sem ég fékk frá VSÓ sem hefur séð um hönnun á fráveitu Fjallabyggðar.

Ármann Viðar Sigurðsson
Deildarstjóri tæknideildar